

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/33

frá 24. ágúst 2012

um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Austurríkis, Belgíu, Brasilíu, Kólumbíu, Króatíu og Níkaragva með tilliti til kúariðu (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 5860)

(2012/489/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Í þessu skyni skal ákvarða stöðu aðildarríkja eða þriðju landa eða svæða innan þeirra (landa eða svæða) með tilliti til kúariðu, með því að flokka þau í einn af þremur flokkum eftir áhættu í tengslum við kúariðu, nánar tiltekið óverulega áhættu í tengslum við kúariðu, áhættu í tengslum við kúariðu sem er haldið í skefjum og óskilgreinda áhættu í tengslum við kúariðu.
- 2) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum ⁽²⁾ er skrá yfir lönd eða svæði með tilliti til stöðu þeirra varðandi áhættu í tengslum við kúariðu.
- 3) Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin gegnir forystuhlutverki við flokkun landa eða svæða út frá áhættu í tengslum við kúariðu. Skráin í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB er tekin saman með hliðsjón af ályktun nr. 17 — Viðurkenning á stöðu aðila með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu — sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin samþykkti í maí 2011 að því er varðar stöðu aðildarríkja og þriðju landa með tilliti til kúariðu.

4) Í maí 2012 samþykkti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin ályktun nr. 16 — Viðurkenning á stöðu aðildarríkja með tilliti til áhættu í tengslum við kúariðu. Í þeirri ályktun er Austurríki, Belgía, Brasilía og Kólumbía viðurkennd sem lönd þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og Króatía og Níkaragva sem lönd þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum. Því ber að breyta skránni í viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB svo hún verði í samræmi við þá ályktun að því er varðar þessi aðildarríki og þriðju lönd.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2007/453/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/453/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 231, 28.8.2012, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, 30.5.2013, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND EÐA SVÆÐI

A. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg

Aðildarríki

- Belgía
- Danmörk
- Austurríki
- Finnland
- Svíþjóð

EFTA-lönd

- Ísland
- Noregur

Þriðju lönd

- Argentína
- Ástralía
- Brasilía
- Síle
- Kólumbía
- Indland
- Nýja-Sjáland
- Panama
- Paragvæ
- Perú
- Singapúr
- Úrúgvæ

B. Lönd eða svæði þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum

Aðildarríki

- Breska konungsríkið, Búlgaría, Eistland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Tékkland, Ungverjaland, Þýskaland.

EFTA-lönd

- Liechtenstein
- Sviss

Priðju lönd

- Kanada
- Króatía
- Japan
- Mexíkó
- Níkaragva
- Suður-Kórea
- Taívan
- Bandaríki Ameríku

C. Lönd eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind

- Lönd eða svæði sem ekki eru skráð í A- eða B-lið þessa viðauka.“
-